

brottför hans, er í hönd fór annatími í starfsgrein hans, hafi valdið stefnanda tjóni, enda verður einnig að telja, að stefnanda hafi verið rétt að hafna tilboði stefnda um eftirlit með ljósmyndavinnustofu hans.

Þykir stefnandi eiga rétt á bótum úr hendi stefnda vegna þessa ólögmæta atferlis hans og þykja þær með hliðsjón af ákvæðum 25. gr. laga nr. 22/1928 hæfilega ákveðnar kr. 1350.00. Rétt þykir að reikna vexti frá 29. júní 1954.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1350.00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1954 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 550.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Einarsson, greiði stefnanda, Týli h.f., kr. 1350.00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1954 til greiðsludags og kr. 550.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. október 1958.

Nr. 129/1958. **Kristján Guðlaugsson,**
Jón Benediktsson,
Sveinn Pálsson,
Guðlaugur Aðalsteinsson
 og
Óskar Eyjólfsson
 gegn
Jóni E. Waage
 og
Þórunni Waage.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kært málskostnaðarákvæði fógetaúrskurðar.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurð héraðsdóms.

Sóknaraðiljar, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með kærnum 17. júlí 1951, gera þær dómkröfur, að varnaraðiljum verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og svo kærnumálskostnað.

Varnaraðiljar hafa andmælt kröfum sóknaraðilja og krafizt kærnumálskostnaðar.

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja Kristjáni Guðlaugssyni málskostnað í héraði, kr. 1000.00, og kærnumálskostnað, kr. 600.00. Að öðru leyti þykja aðiljar sjálfir eiga að bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Varnaraðiljar, Jón E. Waage og Þórunn Waage, greiði sóknaraðilja Kristjáni Guðlaugssyni málskostnað í héraði, kr. 1000.00, og kærnumálskostnað, kr. 600.00.

Að öðru leyti beri aðiljar kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 11. júlí 1958.

Gerðarbeiðendur, Jón E. Waage, Seyðisfirði, og Þórunn Waage hafa krafizt þess, að þeim verði með beinni fúgetagerð afhentar kr. 14.198.36, ásamt áföllnum vöxtum, sem lagðar hafa verið inn á sparisjóðsbók nr. 92021 við Landsbanka Íslands af Kristjáni Guðlaugssyni hrl., hér í bæ, en Kristján hefur neitað að afhenda gerðarbeiðendum bókina. Þeir krefjast solidarisks málskostnaðar úr hendi Kristjáns Guðlaugssonar og meðalgönguaðilja málsins, þeirra Sveins Pálssonar, Guðlaugs Aðalsteinssonar, Jóns Benediktssonar og Óskars Eyjólfssonar.

Meðalgönguaðiljarnir Sveinn Pálsson, Háabæ, Guðlaugur Aðalsteinsson, Nýjabæ, Jón Benediktsson, Suðurkoti og Óskar Eyjólfsson, Tumakoti, allir í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu, hafa krafizt þess, að þeim verði afhent ofannefnd upphæð. Þir krefjast solidarisks málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðenda.

Gerðarþoli Kristján Guðlaugsson hrl. hefur mótmælt kröfum

gerðarbeiðanda og meðalgönguaðiljanna.. Hann hefur krafizt þess, að gerðarbeiðendum verði gert að greiða sér málskostnað in solidum. Með stefnu, útgefinni í apríl 1956, höfðar Kristján Guðlaugsson hrl. f. h. eigenda Stóru-Voga í Vatnsleysustrandarhreppi mál gegn félögunum Metcalfe-Hamilton-Smith-Beck, Keflavíkurlflugvelli, til greiðslu fébóta vegna vanefnda á sandsölu-samningi, sjá rskj. 17. Stefna þessi hefur verið lögð fram í fógétamáli þessu sem rskj. nr. 7, og greinir þar ekki nöfn eigenda Stóru-Voga. Í greinargerð sinni, sem lögð var fram í aukarétti Keflavíkurlflugvallar, getur Kristján Guðlaugsson nafna þessara aðilja, og eru það ábúendur býla þeirra í Vatnsleysustrandarhreppi, sem að framan er getið, svo og er þar til nefndur Stefán Runólfsson, Gunnarsbraut 34 í Reykjavík, en hann hafði þá á leigu sandnám býlisins Stóru-Voga með leigusamningi við gerðarbeiðendur máls þessa. Dómur gekk í máli þessu hinn 7. desember 1956, og eru Kristján Guðlaugssyni f. h. eigenda Stóru-Voga tildæmdar kr. 31.205.00 úr hendi hinna amerísku félaga, auk 6% ársvaxta frá 2. febrúar 1956 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Hafa gerðarbeiðendur lagt fram endurrit dóms þessa, sjá rskj. nr. 2. Ekki greinir endurrit þetta frá nöfnum umbjóðenda Kristjáns Guðlaugssonar. Kristján hefur veitt dómsfjárhæðinni móttöku.

Eftir að gerðarbeiðendur höfðu höfðað innsetningarmál þetta gegn Kristjáni Guðlaugssyni með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dagsettu 4. júlí 1957, gerðist framangreindur Stefán Runólfsson meðalgönguaðili í málinu og gerði þær réttarkröfur aðallega, að gerðarþola yrði gert að afhenda sér alla hina dæmdu fjárhæð, en til vara, að honum yrði gert að afhenda sér 56,25% fjárhæðarinnar. Gerði hann og kröfu um málskostnað in solidum úr höndum gerðarbeiðenda. Byggði Stefán kröfur sínar á því, að hann hefði haft á leigu sandnám úr landi Stóru-Voga á þeim tíma, sem viðskiptin við hin erlendu félög áttu sér stað, og vísaði hann um þetta til leigusamnings á rskj. 11 og úrskurðar fógetaréttar á rskj. nr. 12. Varakrafan var á því byggð, að svonefndir smábýlaeigendur Stóru-Voga-torfunnar, sem einnig gerðust meðalgönguaðiljar í málinu, telji sig eiga 43,75% sandnámsins. En í yfirlýsingu sinni, dagsettri í desember 1957, segir Stefán, að hann sé því samþykkur, að umboðsmanni gerðarbeiðanda verði greitt hið umdeilda dómfé og að hann falli frá öllum kröfum, sem hann hafi haft uppi í fógétamáli þessu, sjá rskj. nr. 22.

Undir rekstri málsins eða nánar tiltekið hinn 17. desember

1957 lagði Kristján Guðlaugsson hluta dómfjárins, kr. 14.198.36, inn í sparisjóðsbók nr. 92021 við Landsbanka Íslands. Kveðst Kristján þar hafa haft hliðsjón af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 95/1936, en þar er kveðið á um eignarhlutföll eigenda Stóru-Voga-torfunnar, og nemur framangreind upphæð 44% dómfjárins. Hann hefur og lagt fram í máli þessu heildarreikninga vegna sandsölunnar og samkvæmt þeim hefur hann hinn 17. desember 1957 greitt umboðsmanni gerðarbeiðenda kr. 8.963.90, sbr. yfirlýsingu Stefáns Runólfssonar á rskj. nr. 22. Að öðru leyti þykir ekki ástæða til þess að fara nánar út í reikninga þessa, en þeim er mótmælt af hálfu gerðarbeiðenda, sem hafa gert áskilnað um að krefja Kristján Guðlaugsson um allar eftirstöðvar dómfjárins.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 95/1936 er staðfestur dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem kveður svo á, að þáverandi eigandi býlisins Stóru-Voga í Vatnsleysustrandarhreppi, Sigurjón J. Waage, eigi 27,45/48.80 hluta Stóru-Voga-torfunnar. Með tilliti til hæstaréttardóms þessa fara fram landskipti Stóru-Voga-torfunnar dagana 4. og 5. júní 1940, sjá rskj. 16 í máli þessu. Segir þar, að þar sem skipti nái til sjávar, séu þau miðuð við stórstraumsflóðmál og skipti komi ekki á vergögn, beitutekju, fasta eða lausa þörunga og fjörubeit.

Gerðarbeiðendur rökstyðja kröfur sínar þannig samkvæmt útlagningu, er fór fram í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. desember 1947, sjá rskj. 18, er gerðarbeiðendum lögð út Stóru-Voga-torfan á Vatnsleysuströnd. Vísað er og til veðbókarvottorðs, dagsetts 25. júní 1957, sjá rskj. 3, þar sem segir, að eignin Stóru-Vogar sé þinglesin eign Jóns og Þórunnar Waage. Þessum opinberu skjölum hafi á engan hátt verið hnekkt, og fari ekki á milli mála um eignarrétt að nefndri jörð. Nú liggja fyrir óáfrýjaður dómur aukaréttar Keflavíkurflugvallar, er kveði svo á, að Kristjáni Guðlaugssyni tildæmist þar greind fjárhæð f. h. eigenda Stóru-Voga. Sé því allsendis ótvírætt, að Kristjáni beri skylda til þess að fá gerðarbeiðendum dómfé þetta í hendur. — Aðild meðalgönguaðiljanna að máli þessu er mótmælt, með því að, eins og að framan segir, hafi þeir ekki sannað neinn rétt að því landi, sem sandur var tekinn úr og tilefni varð til dómsmálsins.

Af hálfu meðalgönguaðiljanna er bent sérstaklega á dóm Hæstaréttar um eignarhlutföll Stóru-Voga-torfunnar. Enn fremur á það, að landskiptagerðin taki ekki til fjörunnar frá stórstraumsflóðmáli. Þannig sé ljóst, að fjaran sé óskipt sameign eigenda

Stóru-Voga-torfunnar, þeirra gerðarbeiðenda máls þessa og meðalgönguaðiljanna. En á þeim tíma, sem viðskipti þau, sem urðu tilefni til dómsmálsins, áttu sér stað, hafi Stefán Runólfsson verið aðili að sandnáminu samkvæmt leigusamningi hans við gerðarbeiðendur.

Kristján Guðlaugsson hrl. hefur haldið því fram, að með orðunum Stóru-Vogar í dómsorðinu á rskj. 2 sé átt við Stóru-Vogatorfuna í heild, enda sé glögglega tekið fram í greinargerð þeirri, sem lögð var fram í dómsmálinu, að málið hafi verið höfðað vegna meðalgönguaðilja máls þessa og leigutaka sandnáms sjálfs býlisins Stóru-Voga, Stefáns Runólfssonar. Gerðarbeiðendur hafi engra hagsmuna haft þar að gæta, því að þeir hafi fengið Stefáni þessi sandnámsréttindi. Er þess því krafizt, að synjað verði um innsetningargerð þessa vegna aðildarskorts gerðarbeiðenda. Þá beri einnig á það að líta, að engan veginn sé víst, hver eigi að taka við dómfé þessu. Að vísu séu til eignarhlutföll um Stóru-Voga-torfuna, sjá framangreindan hæstaréttardóm og landskipti á grundvelli hans, en ekki liggi fyrir skiptagerð um fjöru upp að stórstraumsflóðmáli, og neðan þess marks hafi sandur sá verið tekinn, sem seldur hafi verið. Kveðst Kristján hljóta að færast undan að afhenda upphæð þessa, unz dómur liggi fyrir um eignarrétt að fjörunni og á þessum grundvelli mótmælir hann réttarkröfum gerðarbeiðenda og meðalgönguaðiljanna.

Eins og að framan er rakið, hefur gerðarþoli Kristján Guðlaugsson stefnt hinum amerísku félögum til greiðslu skuldar f. h. eigenda Stóru-Voga og í greinargerð sinni í því dómsmáli telur hann þessa aðilja með nöfnum og heimilisföngum. Endurrit dómsins á rskj. 2. greina þessi nöfn hvorki í atvikalýsingu né í dómsorði, heldur tildæmir Kristjáni þar greinda fjárhæð f. h. eigenda Stóru-Voga. Var Kristján Guðlaugsson því réttur aðili til þess að taka við greiðslu dómfjárins úr hendi hinna amerísku félaga, sem hann og gerði. En ekki verður talið, er annars vegar er litið á málalíbúnað Kristjáns, stefnu og greinargerð, og hins vegar á dómsorðið á rskj. 2, að svo örugg vissa sé fengin fyrir rétti þeirra, sem nú sækja fógetamál þetta á hendur Kristjáni, að úr verði skorið með beinni fógetagerð. Verður ekki annað fyrir hendi en að synja um þessa umbeðnu innsetningargerð, bæði samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda og meðalgönguaðiljanna. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð skal ekki fara fram, hvorki samkvæmt kröfu gerðarbeiðenda né meðalgönguáðiljanna. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 15. október 1958.

Nr. 132/1957. Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttá

(Jóhann Steinason hdl.)

gegn

Síldinni h/f (Áki Jakobsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Mál til heimtu váttryggingarfjár.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, en til vara lækkunar dæmdirar tryggingarfjárhæðar og sýknu af málskostnaðarkröfum stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, sbr. og ákvæði 52. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttá, greiði